

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 399/1995.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**M**

(Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Farbann.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. nóvember sl., þar sem varnaraðila er enn bönnuð brottför úr landi allt til dómsuppsögu í máli ákærvaldsins gegn honum, þó eigi lengur en til sunnudagsins 31. desember 1995 kl. 22.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að farbanni verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Hæstaréttar 6. nóvember 1995 í málinu nr. 361/1995 var staðfest ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur um framlengingu farbanns varnaraðila, „en þó ekki lengur en til föstudagsins 1. desember 1995 kl. 22.00“. Var fallist á kröfu sóknaraðila með þeim orðum, að tryggja yrði nærveru varnaraðila, svo að kostur gæfist á að reka málið fyrir dómi, enda yrði ekki annað séð en að sá tími, sem þá var tiltekinn, nægði til að ljúka málinu fyrir héraðsdómi.

Hinn 30. nóvember var lögð fram í héraðsdómi krafa um framlengingu á farbanni yfir varnaraðila. Þar er því lýst, að aðalmeðferð málsins hafi hafist 21. nóvember og skýrslutökur þá farið fram fyrir dómi, en framhaldi aðalmeðferðar verið frestað, á meðan beðið væri DNA-rannsóknar á sýnum, sem tekin voru, en óskað hafi verið eftir, að niðurstöður rannsóknarinnar verði lagðar fram. Rannsóknin hafi þó tekið lengri tíma en búist var við í upphafi, en hennar megi vænta fyrri hluta desembermánaðar. Samkvæmt bráðabirgða-

niðurstöðum hennar þykja 96% líkur fyrir því, að sæði, sem þar er til rannsókna, stafi frá varnaraðila.

Í 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. stjórn-skipunarlög nr. 97/1995, segir, að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Farbann er frelssvipting, sem vegna ákvæða 67. gr. má ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Varnar-aðili hefur sætt farbanni óslitið frá 18. október 1995. Sóknaraðili virðist hafa beðið um ofangreinda DNA-rannsókn til þess að stað-reyna atvik, sem ekki verður séð, að varnaraðili hafi neitað í mál-inu, og bráðabirgðaniðurstöður liggja nú fyrir um. Biðin eftir niður-stöðum rannsóknarinnar er þegar orðin úr hófi. Þar sem framlagn-ing hennar er talin nauðsynleg af héraðsdómi, er fallist á, að enn beri að tryggja nærveru varnaraðila, til að reynt verði, hvort takast muni að afla hennar, áður en dómur gengur í málinu. Verður far-banninu þó ekki markaður lengri tími í þessu skyni en til föstudags-ins 22. desember 1995 kl. 12.00.

#### D ó m s o r ð :

Varnaraðila, M, er bönnuð brottför úr landi allt til dóms-upsögu í máli ákærvaldsins á hendur honum, þó ekki lengur en til föstudagsins 22. desember 1995 kl. 12.00.

---